

Tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál:

Í NÁM-TIL VINNU!

Fyrsti fundur samráðsvettvangs um atvinnumál fór fram í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 11. febrúar sl. en ríkisstjórnin ákvað að tillögu forsætisráðherra að setja slíkan hóp á fót um aðgerðir í atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Samstarfsvettvangurinn byggir á stefnumörkunarskjalinu Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag og starfar í umboði ráðherranefndar í atvinnumálum.

Samstarfsvettvangurinn skiptist í tvo vinnuhópa; annarsvegar atvinnuhóp um mótun atvinnuáætlunar og sköpun starfa og hinsvegar vinnumarkaðshópur um mótun aðgerðaráætlunar á sviði vinnumarkaðsúrræða, starfs- og endurmenntunar og endurhæfingar.

Gert var ráð fyrir að hóparnir skiluðu sérstakri ráðherranefnd um atvinnumál tillögum um aðgerðir og úrbætur á þeim sviðum sem þeim var gert að fjalla um. Hóparnir áttu að útfæra lausnir og úrræði væru til þess fallnar að skapa fjölbreytt og varanleg störf og leita úrræða á sviði starfs- og endurmenntunar og leiða til að virkja atvinnuleitendur. Hópunum var og er ætlað að leggja fyrir ráðherranefndina annarsvegar tillögur um úrræði til skemmri tíma og hins vegar tillögur um stefnumótun til lengri tíma á framangreindum sviðum.

Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Vinnumálastofnunar, var skipaður formaður samráðshóps um vinnumarkaðsmál, eftir tilnefningu velferðarráðherra. Aðrir í hópnum eru Arnór Guðmundsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Sigurður Snævarr og Héðinn Unnsteinsson tilnefndir af forsætisráðherra, Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, tilnefnd af velferðarráðherra.

Fulltrúar tilnefndir frá þingflokki eru: Guðmundur Steingrímsson, Framsóknarflokkur, Heiða B. Heiðarsdóttir, Hreyfingunni, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Samfylkingu, en jafnfram starfaði með hópnum Skúli Helgason frá sama flokki, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri Grænum og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokkur, en jafnfram starfaði með hópnum Ragnheiður Ríkhardsdóttir.

Af hálfu aðila vinnumarkaðarins voru tilnefndir: Finnbjörn A. Hermannsson, ASÍ, en jafnframt starfaði með hópnum Halldór Grönvold, Ólöf Jóna Tryggvadóttir, BHM, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, BSRB, Guðrún Eyjólfsdóttir, SA, Bjarni Már Gylfason, SI, Oddný Sturludóttir, SÍS, Sigurður Albert Ármannsson, SSF og Eiríkur Blöndal, BÍ.

Af hálfu námsmannahreyfinga voru tilnefnd þau Lilja Dögg Jónsdóttir, SHÍ og Hreiðar Árnason, SÍF.

Einnig störfuðu með hópnum þær Sigríður Ingvarsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og þau Gissur Pétursson, Karl Sigurðsson, Hrafnhildur Tómasdóttir og Unnur Sverrisdóttir frá Vinnumálastofnun.

Hópurinn kom saman til fyrsta fundar 18. febrúar og skipti vinnu sinni í tvo undirhópa. Annan um starfstengd vinnumarkaðsúrræði en hinn um menntamál atvinnuleitenda. Hópstjórar í vinnumarkaðsúrræðahóp eru Finnbjörn A. Hermannsson og Guðrún Eyjólfsdóttir en í menntahópnum

Þeir Arnór Guðmundsson og Bjarni Már Gylfason. Báðir hópar hafa haldið fjölmarga fundi á liðnum vikum. Samráðshópurinn mun eins og ætlast var til starfa áfram og stefnir að því að ljúka störfum í maí.

Samráðshópur um vinnumarkaðsmál hefur í dag tekið fyrir tillögur undirhópanna og skilar á grundvelli þeirra hér með eftirfarandi áfangatillögu til ráðherranefndarinnar. Tillögurnar eru tvíþættar og munu, nái þær fram að ganga skapa um 1.500 atvinnuleitendum tækifæri til starfstengdra úrræða og um 1.000 tækifæri til náms. Áætluð áhrif þessa á atvinnuleysi er til lækkunar um 1 prósentustig að ársmeðaltali.

Í NÁM!

Í stefnumörkun stjórnvalda, Ísland 2020 er sett fram það markmið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020. Á Íslandi á að búa vel menntað fólk sem leggur grunninn að virku lýðræðissamfélagi og öfluggu atvinnulífi. Allir eiga að hafa aðgang að menntun við hæfi og menntastofnanir eiga að bjóða fjölbreytt námsúrræði sem koma til móts við þarfir einstaklinga, samfélags og atvinnulífs.

Á næstu þremur árum verður ráðist í sérstakt átak þar sem aðgengi að námi verður aukið og ný námsúrræði þróuð með sérstaka áherslu á starfsmenntun. Átakið nær til framhaldsskólastigs, framhaldsfræðslu og náms á háskólastigi. Áhersla verður lögð á samstarf og samfellu í þjónustu fræðsluaðila, virka ráðgjöf, úrræði og stuðning við einstaklinga.

Skilgreindar verða sérstakar aðgerðir til að bregðast við þeim bráða vanda sem nú er uppi vegna mikils atvinnuleysis en einnig horft til uppbyggingar menntunar og atvinnulífs til lengri tíma. Í forgangi er annars vegar að skapa 1000 atvinnuleitendum tækifæri til náms og hins vegar að gera framhaldsskólakerfinu fjárhagslega kleift að sinna hlutverki sínu. Frekari opnun framhaldsskólans mun einnig nýtast þeim fjölmörgu atvinnuleitendum sem framhaldsskólarnir hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að taka við á síðustu tveimur árum.

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld tryggja sameiginlega fjárveitingar til átaksins í samræmi við markmið og tillögur sem hér fara á eftir.

Unnin verður aðgerðaáætlun sem byggir á skýrum markmiðum og tímasettum áföngum svo unnt sé að meta framgang og árangur. Lögð verður áhersla á að greina áhuga og hæfni einstaklinga, framtíðaratvinnuþróun og menntunarþörf í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Á slíku mati verði áherslur við námsframboð í starfstengdum greinum byggðar. Þegar liggur fyrir að ákveðin svið, s.s. tæknigreinar, ferðaþjónusta, umönnunarstörf og störf í þágu sjálfbærrar þróunar og sköpunar hafa þörf fyrir frekara vinnuafli. Mikilvægt er að samhliða sé unnið gegn kynbundnu námsvali og nýjar námsleiðir þróaðar með það að markmiði að höfða til beggja kynja.

Markmið og leiðir

- 1. Framhaldsskólum verði haustið 2011 gert kleift að taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði. Sama gildir um alla þá sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011.**
Leiðir: Fyrir innritun í framhaldsskóla haustið 2011 verði mótuð námsúrræði sem koma til móts við þarfir ólíkra hópa. Lögð verði áhersla á virka náms- og starfsráðgjöf og samstarf opinberra skóla og framhaldsfræðslu. Þeim sem eru 25 ára eða eldri verður gefinn kostur á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og námsleiðum sem miða að því að undirbúa einstaklinga fyrir nám í opinbera skólakerfinu. Heildstætt nám í fjarkennslu verður í boði á framhaldsskólastigi næsta skólaár. Sérstaklega verði hugað að námstækifærum fyrir innflytjendur og starfstengdri íslenskukennslu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fái sérstakar fjárveitingar vegna þessa með aukafjárlögum á árinu 2011 og með fastri fjárveitingu til þriggja ára á komandi fjárlögum.

2. Sköpuð verði námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur strax haustið 2011 í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum eða námsúrræði innan framhaldsfræðslu..

Leiðir: Að Vinnumálastofnun í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið verði falið að efna til átaks til að hvetja langtímaatvinnulausa til náms. Sérstök áhersla verði lögð á starfstengt nám annars vegar og nám í skapandi greinum hins vegar. Veitt verður ráðgjöf sem miðar að því að greina áhuga og hæfni hvers og eins og finna viðkomandi viðeigandi námstækifæri. Í allri ráðgjöf verði unnið gegn kynbundnum staðalmyndum um störf. Auk þeirra þúsunda einstaklinga á meðal atvinnuleitenda sem eru án framhaldsskólaprófs, eru fjölmargir með stúdentspróf eða iðnnám að baki. Því er ekki síður mikilvægt að skapa þeim hópi fjölbreytt námstækifæri. Þess verði farið á leit við Atvinnuleysisstryggingarsjóð að hann standi straum af kennslukostnaði vegna þessa hóps haustið 2011, en frá og með 2012 lúti hópurinn sömu lögmálum og aðrir nemendur. Tryggja þarf auknar fjárveitingar í fjárlögum ársins 2012 til þess að standa straum af kostnaði sem hlýst af fjölgun nemenda.

3. Skil framhaldsskóla, framhaldsfræðslu verði gerð sveigjanlegri þannig að skólar geti með einfaldari hætti metið áfanga sem teknir eru innan framhaldsfræðslu og raunfærni til eininga. Leitar verði samstarfs við háskóla um sama markmið.

Leiðir: Við innleiðingu nýrrar námskrár fyrir framhaldsskóla verði komið á samræmdu matskerfi fyrir einingar frá viðurkenndum fræðsluaðilum innan framhaldsfræðslu. Stefnt á að matskerfið verði komið á fyrir innritun á haustönn 2012.

4. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu mun í samráði við aðila vinnumarkaðarins vinna að þróun kerfis sem auðveldar fullorðnu fólki framfærslu vegna náms.

Leiðir: Fyrir liggur að hefja endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Mikilvægt er að við þá endurskoðun verði hugað að nýju kerfi fyrir nám sem miðar lánshæfi við þarfir til framfærslu fremur en tilteknar námsbrautir. Skoða kosti og galla upptöku námsstyrkja eða námslána. Einnig er æskilegt að nýttir séu möguleikar námsstyrkjasjóða stéttarfélaga til að auðvelda fólki á vinnumarkaði að stunda nám.

5. Að starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi verði eftt. Jafnframt verði samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám aukið og tryggt að nemendur geti lokið verklegum þáttum náms á og innan tilskilins námstíma. Leitað verði leiða í samstarfi við atvinnulífið til að starfstengd menntun auki réttindi og bæti kjör fólks á vinnumarkaði.

Leiðir: Væntanleg aðalnámskrá framhaldsskóla gerir ráð fyrir þróun námsbrauta eftir lokapróf á svokölluðu fjórða þrepi náms (fagháskóla). Þegar má finna nám á þessu stigi í framhaldsskólum á sviði ferðapjónustu, umönnunar og tæknigreina. Komið verði á samstarfi milli framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu um frekari þróun slíkra námsbrauta.

Vinna verður að því að fjölga til muna náms- og þjálfunarplássum í atvinnulífinu og vinnustaðanámsjóði verði gert kleift að sinna hlutverki sínu í því sambandi.

Efnt verði til hvatningarátaks um eflingu starfsnáms sem sérstaklega verði beint að ungu fólki og öðrum þeim sem hyggja á framhaldsnám. Átakinu verði ætlað að hvetja ungt fólk til að velja starfsnám á framhaldsskólastigi, í ljósi væntinga um mikla þörf atvinnulífs fyrir iðn- og

tæknimenntað starfsfólk á komandi árum.

Forsendur

1. Í stefnumörkun stjórnvalda, Ísland 2020 er sett fram það markmið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020. Þetta markmið er í samræmi við sameiginlegt markmið ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins sem sett var í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2008.

2. Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur nú að innleiðingu nýrra laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla- og framhaldsfræðslu. Á þessu ári verða gefnar út námskrár þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttara námsframboð ásamt samþættingu og jafngildi bók- og verknáms.

3. Í samkomulagi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og aðilar vinnumarkaðarins frá nóvember 2010 segir m.a.:

Aðilar þessa samkomulags munu sameiginlega vinna markvisst að því að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Til að ná því markmiði verður framhaldsfræðsla efla, en ný lög um framhaldsfræðslu tóku gildi 1. október s.l. Jafnframt eru aðilar sammála um að það verði tryggt að menntun og færni sem er metin innan framhaldsfræðslunnar verði viðurkennd innan framhaldsskólans og þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.

Í ljósi góðrar reynslu af framangreindu samstarfi vilja aðilar starfa saman að því meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild. Þá þarf framhaldsfræðslan að greiða leið þeirra sem þurfa, vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði, á nýrri þekkingu og færni að halda.

Með öflugri framhaldsfræðslu vilja aðilar þannig efla lýðræðislega þátttöku í samfélaginu og stuðla að jákvæðri byggðapróun í landinu, stuðla að jafnrétti, auka félagslega aðlögun jaðarhópa m.a. fatlaðra og innflytjenda að atvinnulífi og samfélaginu, auka læsi fullorðinna, efla íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og auka starfstengda íslenskukennslu fyrir þá.

4. Í Atvinnu fyrir alla, aðgerðaáætlun Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2010 um uppbyggingu atvinnulífsins segir að meginverkefni aðila vinnumarkaðarins í menntun snúi að námi á framhaldsskólastigi. Þar þurfi að bjóða fjölbreyttara nám og námsleiðir sem höfði til þeirra sem ekki finna viðfangsefni við sitt hæfi í framhaldsskólum landsins. Það þurfi líka að breyta því námi sem þar er í boði til að stytta það og hindra hið mikla brotthvarf sem þar á sér stað. Að auka veg og virðingu og þar með aðsókn að hvers konar starfsnámi er risavaxið verkefni sem er á ábyrgð alls samfélagsins.

5. Samtök iðnaðarins hafa sett fram hugmyndir um virkari aðkomu atvinnulífsins að menntamálum í skýrslunni Hugverkaiðnaður á krossgötum. Þar segir: „Gera þarf áttak í menntun ungs fólks í tæknigreinum en til að uppfylla áætlaða þörf hugverkageirans næstu þrjú ár þarf um 3.000 nýja

tæknimenntaða einstaklinga inn á íslenskan vinnumarkað. Til þess má nýta fjármuni (28 milljarðar) í Atvinnuleysistryggingarsjóði í auknum mæli.“

6. Í ályktun ársfundar ASÍ frá því í október sl. segir: „Öflugt menntakerfi gegnir lykilhlutverki í enduruppbyggingu íslensks atvinnulífs. Sérstaklega skal huga að réttindum og möguleikum þeirra, sem misst hafa vinnuna, til að afla sér aukinnar menntunar. Annað tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum.“ Í ályktuninni er jafnfram lögð áhersla á að efla starfsnám og að langtímaatvinnulausum verði sköpuð skilyrði til náms á bótum.
7. Á 42. þingi BSRB bentu samtökin á mikilvægi þess að sí- og endurmenntun verði eflid. Ein alvarlegasta afleiðing hrunsins væri langtímaatvinnuleysi. Sí- og endurmenntun gegnir að mati þeirra mikilvægu hlutverki í að endurhæfa fólk svo það geti leitað á ný mið á vinnumarkaðnum. Fjármunum sem veitt er til þessa starfs er því mjög vel varið.
8. Ekki hefur reynst unnt að veita öllum þeim sem sótt hafa um nám í framhaldsskólum undanfarin tvö ár námsvist. Það hefur sérstaklega bitnað á umsækjendum eldri en 18 ára, þ.e. ungum brottfallsnemendum og svo fullorðnum einstaklingum sem vilja snúa aftur í nám. Er þetta afleiðing þess að fjárveitingar til framhaldsskóla hafa verið skornar verulega niður á undanförunum árum og lagalegri skyldu yfirvalda að veita öllum nemendum á fræðsluskyldualdri skólavist. Við innritun á haustönn 2009 var um 600 umsóknum hafnað og á haustönn 2010 var um 800 umsóknum hafnað.
9. Margir þeir sem sækja um nám í framhaldsskólum, og eru eldri en 18 ára, þurfa aðlögun og ráðgjöf til þess að hefja skólagöngu á ný og finna námi við hæfi. Einnig er mikilvægt að móta ný námsúrræði sem henta þessum hópi fólks. Ljóst er að sá hópur sem ekki kemst inn í framhaldsskóla leitar annað, t.d. út á vinnumarkaðinn, í atvinnuleysistryggingasjóð eða önnur félagsleg framfærsluúrræði og þannig eykst þrýstingur á atvinnuleysistryggingarsjóð.
10. Þjóðin er að eldast og ljóst að huga þarf að því hvernig sem best verði hlúð að elstu kynslóðinni. Eins skortir menntaða leikskólaliða og –kennara og hefur félag leikskólakennara sent menntamálaráðuneyti formlega beiðni um að sett verði í gang átaksverkefni til að bregðast við þessum skorti.
11. Í skýrslu Vinnumálastofnunar (VMST) um stöðu á vinnumarkaði í janúar 2011 kemur fram að skráð atvinnuleysi er 8,5%. Þar kemur einnig fram að 52% atvinnulausra hafa ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun og að aldurshópurinn 20 til 34 er stærsti hópurinn á atvinnuleysiskrá, eða rúm 45%.
12. Umsóknum um 200 atvinnuleitenda hefur verið vísað frá við framhaldsskóla á hverju hausti undanfarin tvö ár. Að auki hefur fjöldi atvinnuleitenda lokið raunfærnimati eða undirbúningsnámi vegna framhaldsskólanáms (grunnenntaskóla eða menntastoðum) á vegum símenntunarmiðstöðva.

13. Samkvæmt áhugasviðskönnunum sem Vinnumálastofnun leggur fyrir atvinnuleitendur hafa ungir atvinnuleitendur mestan áhuga á námi tengdu listum, upplýsingamennt, tölvum og verknámsbrautum. Mikilvægt er að þróa námsúrræði í takt við þeirra áhuga. Þessi áhugi er í samræmi við þær áherslur sem framhaldsskólum er nú gert að innleiða og í takt við aukna eftirspurn atvinnulífsins eftir einstaklingum með list- og tæknimenntun.

Framkvæmd og fjármögnun

1. Ljóst er að allar tillögur sem hér eru settar fram byggja á því að fjármögnun verði tryggð til lengri og skemmri tíma. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun ásamt fjármálaráðuneyti kostnaðarmeta tillögurnar. Við slíkt mat þarf ekki einungis að taka tillit til kennslukostnaðar heldur einnig hvort þær feli í sér aukinn kostnað vegna húsnæðis, hærra þjónustustigs og annarra slíkra þátta.
2. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld tryggja sameiginlega fjármagn til átaksins í samræmi við þau efnisatriði sem talin eru upp í markmiðum og leiðum.
3. Þess verði farið á leit við Atvinnuleysistryggingarsjóð að hann standi straum af kennslukostnaði vegna þeirra sem hafa verið atvinnulausir í meira en 6 mánuði haustið 2011, en frá og með 2012 lúti hópurinn sömu lögmálum og aðrir nemendur. Tryggja þarf mennta- og menningarmálaráðuneyti auknar fjárveitingar til að standa straum að kostnaði vegna fjölgunar nemenda.
4. Kostnaður Atvinnuleysistryggingarsjóðs pr. einstakling á bótum nemur miðað við meðalbótarétt kr. 1.656.000 á ári. Meðalkennslukostnaður í framhalds- og háskólum eru tæpar 800.000 krónur á ári. Einnig ber ríkið kostnað vegna niðurgreiðslu námslána sem að meðaltali nemur ríflega 600.000 krónum á ári. Í heild er því kostnaður vegna einstaklings í námi lægri en kostnaður vegna einstaklings á atvinnuleysisbótum.
5. Að einstaklingar sem hefja nám í haust skv. ofangreindu, haldi bótarétti sínum til áramóta, en fari að því loknu á námslán eigi þeir rétt til slíks. Haustið 2011 fellur átakið undir virkar vinnumarkaðsaðgerðir og gerður verði sérstakur námssamningur við einstaklinga innan verkefnisins. Þar verði kveðið á um réttindi og skyldur viðkomandi en á þeim hvíli verkefna- og skilaskylda. Í þeim tilfellum það sem réttur til námslána er ekki til staðar eða hefst ekki fyrr en að loknu tveggja ána námi (grunndeildir iðngreina) þá geti einstaklingur haldið bótarétti sínum samhliða námi í tvær annir að hámarki.
6. Lagt er til að aðeins þeir sem hafa verið 6 mánuði eða lengur á atvinnuleysisskrá verði gildir þátttakendur í átaksverkefninu. Þetta er gert svo að ekki skapist hvati til þess að fara á atvinnuleysisskrá til að komast að í námi. Um verði að ræða einskiptisaðgerð með það markmið að skapa langtímaatvinnulausum tækifæri til náms, sjálfum sér, samfélagi og atvinnulífi til hagsbóta.

7. **Stefnt til 2020:** Sett hafa verið opinber markmið um að árið 2020 hafi hlutfall fólks á íslenskum vinnumarkaði sem ekki er með formlega framhaldsskólamenntun lækkað úr 30% í 10%. Vinna þarf markvist að þessu marki.. Til þess þarf að greina þarfir og væntingar einstaklinga, samfélagsins og atvinnulífsins og bregðast við þeim. Auka þarf ráðgjöf sem hjálpar fólki að finna nám við hæfi. Um víðfeðmt verkefni er að ræða og því eðlilegt að sú stefnumótun, mat á framkomnum lausnum og leit að nýjum fari fram með breiðu samráði undir forystu stjórnvalda.

TIL VINNU!

Á Íslandi mælist atvinnuleysi nú 8,6%. Tæplega 15 þúsund manns voru án vinnu í lok febrúar og þar af um 12.500 manns án vinnu að fullu. Þessum hópi hefur sl. ár verið boðin fjölbreytt virkniúrræði sem flest eru námstengd. Um 13 þúsund manns hafa sl. 18 mánuði þegið slík úrræði á vegum Vinnumálastofnunar í átaksverkefnunum *Ungt fólk til athafna* og *POR*.

Ljóst er þó að eina ákjósanlegasta úrræðið í hugum flestra atvinnuleitenda er að komast í starf.

Um 1.500 manns nýttu sér starfstengd úrræði á vegum Vinnumálastofnunar árið 2010. Markmið slíkra úrræða er að koma á tímabundnu ráðningarsambandi milli atvinnuleitanda og fyrirtækis með það í huga að viðkomandi festi sig þar í sessi og hljóti varanlega ráðningu. Slík úrræði gefa jafnframt fyrirtækjum færi á að bæta við sig starfsfólki af bótum og ráðast þannig í verkefni á erfiðum tímum sem ella hefðu ekki verið framkvæmd.

Lagt er til að með samstilltu átaki stjórnvalda og atvinnulífs verði starfstengdum úrræðum fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða tvöfaldist.

Markmið og leiðir

1. Endurskoðun gildandi úrræða og aukin fjölbreytni þeirra.

Leiðir: Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýslukerfi einfaldað. Þá verði jafnframt ný úrræði sköpuð.

Lagt er til að eftirtalin úrræði standi til boða:

a. Reynsluráðning

Markmið reynsluráðningar er að atvinnuleitandi fái tækifæri til að öðlast reynslu í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan og að veita fyrirtækinu eða stofnuninni tækifæri til að ráða atvinnuleitandann til reynslu í þeim tilgangi að stuðla að framtíðarráðningu hans innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Skilyrði fyrir gerð reynsluráðningarsamnings er að fyrirtækið eða stofnunin skuldbindi sig til að ráða atvinnuleitandann með hefðbundnum hætti til a.m.k. jafn langs tíma og sem nemur gildistíma samningsins eftir að gildistíma hans lýkur

b. Starfsþjálfun

Markmið starfsþjálfunar er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að þjálfa sig í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan til að auka hæfni sína til slíkra starfa á vinnumarkaði enda sé hann reiðubúinn að ráða sig til framtíðarstarfa innan starfsgreinarinnar.

Skilyrði er að atvinnuleitandi hafi ekki áður starfað í þeirri starfsgrein sem um er að ræða eða lengri tími en eitt ár er liðinn síðan hann lét af störfum í starfsgreininni.

c. Nýsköpun innan fyrirtækja og stofnana

Markmið nýsköpunar er að auðvelda fyrirtækjum að ráða fólk í atvinnuleit til að styðja

við nýsköpun og þróun í fyrirtækjum og að styðja við frumkvöðla með hugmyndir um nýsköpun og styðja við atvinnuleitendur og auðvelda þeim leit að störfum. Skilyrði er að um starfandi fyrirtæki sé að ræða og velta síðasta árs sé fimm milljónir eða meira, að eitt eða fleiri stöðugildi séu nú þegar í fyrirtækinu og að veruleg nýsköpun/þróun sé í því verkefni sem atvinnuleitandi er ráðinn til.

d. Eigið frumkvöðlastarf og viðskiptaáætlun

Markmiðið er að gera atvinnuleitanda kleift að vinna í allt að sex mánuði að þróun eigin viðskiptahugmyndar með það að markmiði að koma hugmyndinni í framkvæmd. Skilyrði er að atvinnuleitandinn hafi kynnt sér stofnun og rekstur smáfyrirtækja eða geti sýnt fram á þekkingu á því sviði, úrræðið sé samfellt í tíma og að viðskiptahugmyndin verði talin líkleg til þess að skapa atvinnuleitandanum framtíðarstarf.

e. Fyrirtækjanám

Markmiðið er að fyrirtæki/stofnanir geti ráðið til sín hóp einstaklinga á starfþjálfunarsamning og boðið þeim á sama tíma markvisst nám sem er skipulagt er innan fyrirtækisins með það í huga að þjálfna þá upp til framtíðastarfa innan fyrirtækis eða í greininni.

Skilyrði er að samningur sé til 3 mánaða að lágmarki en 6 mánaða að hámarki.

f. Vinnustaðþjálfun

Markmið með vinnustaðþjálfun er að bjóða atvinnuleitendum virka fræðslu og tilsögn á vinnustað án launa í allt að 8 vikur. Þátttakendur fá þannig tækifæri til að öðlast starfsreynslu á vinnumarkaði, leiðsögn og þjálfun samhliða því að vera á atvinnuleysisbótum.

Skilyrði er að atvinnuleitenda bjóðist starfsþjálfunarsamningur að þjálfun lokinni til amk. 3 mánaða, hafi hann staðist grunnkröfur í þjálfuninni. Vinnumálastofnun eða fræðsluaðilar tryggja einstakling í vinnustaðþjálfun.

Almenn skilyrði starfstendra úrræða verði:

- a. Sameiginlegt skilyrði allra úrræða er að um fjölgun starfsmanna sé að ræða hjá viðkomandi fyrirtæki.
- b. Vinnumálastofnun, atvinnuleitandi og fyrirtæki/stofnun gera með sér þríhliða samning um verkefnið á stöðluðu einföldu formi þar sem Vinnumálastofnun greiðir fyrirtækinu grunnatvinnuleysisbætur viðkomandi atvinnuleitanda samkvæmt bótarétti hans ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð, en fyrirtækið /stofnunin greiðir viðkomandi starfsmanni laun samkvæmt kjarasamningum (undantekning sjá lið f).
- c. Samningar eru almennt til 3 eða 6 mánaða.
- d. Starfsmenn í úrræði skulu að jafnaði ekki vera fleiri en 4 í einstökum fyrirtækjum og ekki hærra hlutfall en 25% af heildarstarfsmannafjölda þeirra(undantekning, sjá liði c,d og e).
- e. Fyrirtækið þarf að vera í öruggum rekstri og hafa eins árs rekstur eða meira að baki (undantekning, sjá lið d).

2. Samstillt átak um fjölgun plássá í starfstengdum úrræðum

Leiðir: Lagt er til samstillt átak stjórnvalda, símmenntunarmiðstöðva, stéttarféлага og atvinnulífs til að fjölga þeim plássum sem atvinnuleitendum bjóðast í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum. Settur verði á fót sérstakur stýrihópur aðila sem starfi með Vinnumálastofnun að framkvæmd átaksins sem felist í eftirfarandi aðgerðum.

- a) Aðilar standi sameiginlega að víðtæku kynningarátaki sem beint verði sérstaklega að fyrirtækjum og stofnunum.
- b) Símmenntunarmiðstöðvar og aðrir framhaldsfræðsluaðilar stórauki atvinnuvegatengda kennslu og þjálfun og tryggi í kjölfarið þeim einstaklingum sem slíkri þjálfun ljúka starfsþjálfunarpláss innan greinarinnar. Vinnustaðþjálfun getur verið hluti af slíku ferli. Sett markmið er að fjölga plássum um amk. 600.
- c) Vinnumálastofnun afli einstaklingsbundinnar starfsþjálfunarplássá og reynsluráðningarplássá hjá fyrirtækjum með beinni markaðssetningu með það í huga að fjölga plássum um amk. 400.
- d) Nýsköpunarmiðstöð Íslands kynni frumkvöðlastarf innan fyrirtækja fyrir sprota- og tæknifyrirtækjum sérstaklega í samstarfi við Samtök iðnaðarins og undirsamtök þeirra. Markmiðið verði að fjölga plássum um amk. 100.
- e) Leitað verði samstarfs við svokallaðan „Viðspyrnuhóp“ sem starfað hefur undanfarna mánuði að eflingu námstækifæra í hugverks- og tæknigeiranum um kynningu á fyrirtækjanámi með það að markmiði að í árslok stundi amk. 300 atvinnuleitendur nám með slíkum hætti.
- f) Við alla ráðgjöf verði lögð áhersla á að greina áhuga og hæfni einstaklinga með það í huga að beina þeim inn á sitt áhugasvið. Einnig er mikilvægt að um leið sé unnið gegn kynbundnu þjálfunar- og starfsvali.

3. Breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir

Leiðir: Lagt er til að ákvæði gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir verði breytt á þann hátt að bóttatímabil einstaklinga í starfstengdum úrræðum verði ekki skert. Viðkomandi einstaklingar eru í ráðningarsambandi við atvinnurekanda og fá laun sín greidd samkvæmt kjarasamningi. Þeir eru því í vinnu samkvæmt skilningi hefðbundinna vinnuréttarlegra sjónarmiða og núverandi skerðing því óeðlileg. Breytingin myndi einnig fela í sér að hlutaðeigandi teldust ekki í atvinnuleit. Einnig kallar tillagan á breytingu á reglugerð nr. 12/2009 þar sem m.a. þarf að kveða á um fyrirtækjanám og vinnustaðþjálfun sem eru ný úrræði.

4. Kostnaður og fjármögnun

Í flestum tilfellum er ekki um beinan kostnaðarauka að ræða vegna átaksins þar sem fjármagn sem ella hefði verið greitt sem bætur ganga upp í laun. Atvinnuvegatengd kennsla skv. 2-b hefur þó

kostnaðarauka í för með sér sem áætlaður er tæpar 40 milljónir króna. Sú fjárhæð rúmast innan gildandi fjárheimildar Vinnumálastofnunar til úrræða.

Áætlað er að viðamikil kynningarátak kosti allt að 10 milljónum króna. Hækka þarf rekstrarfé Vinnumálastofnunar vegna þessa.

Gera má ráð fyrir verulegum sparnaði í útgreiðslum Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna átaksins. Tölur Vinnumálastofnunar sýna að um 65% þeirra atvinnuleitenda sem taka þátt í nýsköpun hættu á bótum að loknu úrræði. Samsvarandi tala vegna starfsþjálfunar er um 45% en á bilinu 20-40% vegna námstengdra úrræða. Miðað við ofangreint má vænta þess að rétt tæplega helmingur þeirra einstaklinga sem taka þátt í átakinu afskráist af bótum eða samtals um 750 manns. Hver mánuður sem sá hópur er án bóta sparar Atvinnuleysistryggingarsjóði 104 milljónir króna miðað við meðalbótarétt. Eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar notar þá reglu til að meta fjárhagsleg áhrif úrræða að gera ráð fyrir 4 mánaða sparnaði í útgreiðslu bóta vegna þeirra sem afskráist eftir að úrræði lýkur. Miðað við þá forsendu er heildarsparnaður vegna átaksins 416 milljónir króna

Reykjavík 31. mars 2011.

fh. Samráðshóps um vinnumarkaðsmál

Runólfur Ágústsson, formaður